

Námskrá Waldorfleikskólans Yls

Grundvallarmarkmið Waldorfleikskólans Yls er að hvert einstakt barn þroski með sér sérkenni sín og einstaklingseðli í félagslegu samneyti. Í leikskólanum er blandaður aldurshópur 3-6 ára barna. Waldorfleikskólakennarinn starfar eftir mannspeki Rudolfs Steiners. Út frá þeirri heildarsýn á þroska manneskjunnar leitast uppalandinn við að skapa barninu sem best skilyrði til þess að hin verðandi fullorðna manneskja geti tekist á við framtíðarhlutverk samtímans af dugnaði, kjark, sjálfstæði og áhuga.

Rudolf Steiner líkir þroska manneskjunnar við vöxt jurtanna og segir: Lífið í heild sinni líkist jurt, sem býr ekki einvörðungu yfir því sem augað nemur, heldur geymir einnig í leyndum djúpum sína eigin framtíð. Hér líkir Steiner starfi uppalandans við starf garðyrkjumannsins, sem undirbýr jarðvegin, hlúir að plöntunni og sérkennum hennar svo hún beri ríkulegan ávöxt. Þessi líkingarmynd er lýsandi fyrir það hvernig waldorfleikskólakennaranum ber að vinna. Waldorfleikskólakennarinn er meðvitaður um hve þýðingarmiklu hlutverki hann hefur að gegna í þroska barnsins, sem hinnar verðandi fullorðnu manneskju. Öll vinna sem fram fer með börnunum í leikskólanum, grundvallast út frá þeirri heildarsýn að hver athöfn er hluti af stærri heild.

Leikurinn

Leikurinn er leið barnsins til að tengjast veröldinni. Eitt megin hlutverk waldorfleikskólakennarans er að skapa barninu það umhverfi, jafnt manneskjulega sem efnislega, að það gefi barninu innblástur í leikinn. Í hinum sjálfsprottna leik þroskar barnið grundvallareiginleika og þekkingu sem styrkir sjálfsmynd og félagslegan þroska þess. Þegar barnið tekur frumkvæði í skapandi leik, er það athöfn þar sem innra líf barnsins (sálarlíf þess) trónir yfir efnisheiminum. Allt sem barnið skynjar og upplifir endurskapar það í leiknum og breytir í þekkingu og eiginleika. Dæmi um þá færni sem barnið tileinkar sér í gegnum leikinn sem styrkir sjálfsmynd og sjálfsmeðvitund þess er; hreyfing (fínhyfing, grófhreyfing), líkamsmeðvitund, félagsþroski, málþroski, skapandi hugsun og ímyndunarafl.

Hver waldorfleikskólakennari verður að sjá til þess að hinn sjálfsprottni leikur sé þungamiðja dagsins. Að uppbygging dagsins gefi nægan samfelldan tíma fyrir frjálsan leik, að hvert barn sé þátttakandi út frá sínum eigin forsendum. En til þess að leikurinn geti blómstrað þurfa ákveðin skilyrði að vera fyrir hendi sem koma fram í textanum hér fyrir neðan.

Barnið og leikskólakennarinn

Waldorfleikskólakennarinn þarf að hlúa að hverju barni af ástúð og kærleika, virða einstaklingseðli þess, styðja við og örva hvert barn út frá þeirra eigin þörfum. Waldorfleikskólakennarinn verður að vera sveigjanlegur og skapandi í starfi. Leikskólinn á að vera í skapandi ferli, þar sem börnin eru ólík og barnahópurinn ólíkur frá ári til árs.

Fyrirmynd og eftirherma

Á fyrsta æviskeiði barnsins (0-7 ára) er barnið eftirhermuvera. Hin fullorðna manneskja hefur þýðingarmiklu hlutverki að gegna í lífi barnsins sem fyrirmynd þess. Í leikskólanum fæst uppalandinn við ýmis listræn og hagnýt störf sem nauðsynleg eru daglegu lífi. Að sjá og upplifa fullorðið fólk við vinnu gefur börnunum innblástur í leikinn. Sem dæmi um hverdagslegar athafnir má nefna: eldamennsku, handavinnu, viðgerðir á leikföngum, þrif, garðvinnu o.fl. Sum börn vilja gjarnan hjálpa til meðan önnur leika sér þar hjá.

Stöðuleiki og endurtekning

Svo barnið komist í ró sem er skilyrði fyrir leiknum, þarf það að finna sig öruggt gagnvart hinum fullorðnu, hinum börnunum, umhverfinu og því sem á sér stað í návist þess. Er því mikil áhersla lögð á stöðugleika, börnin mæta á sama tíma á degi hverjum og ljúka deginum á sama tíma. Sami leikskólakennari er með barninu allan daginn. Fastur dagshrynjandi, vikuhrynjandi og árshrynjandi veitir barninu festu og öryggi. Sögur, söngvar, þulur, hringleikir og aðrir skipulagðir leikir sem eru fastir liðir í dagsskipulaginu endurtaka sig í lengri tíma. Endurtekningin vekur gleði, öryggi og tilfinningu fyrir þátttöku.

Dags- og vikuhrynjandi

Hver dagur inniheldur sama hrynjanda, þar sem skiptast á stundir þar sem barnið tekur frumkvæði og stundir sem stjórnað er af hinum fullorðnu. Með vikuhrynjanda er átt við að hver vikudagur á sitt viðfangsefni sem kemur fyrir aftur og aftur s.s. að mála, baka, móta bívax, föndra, fara í nestisferð o.s.frv.

Árshrynjandi

Allt það starf sem unnið er í leikskólanum mótast af árstíðunum. Svo sem sögur, leikir, söngvar, verkleg störf og listir. Með því gefum við börnunum ríkari tækifæri til að upplifa fjölbreytileika árstíðanna og tengsl manneskjunnar við náttúruna. Hinar árstíðarbundnu hátíðir eru sem perlur í hálsfesti, þar sem hver hátíð endurtekur sig ár eftir ár með sama innihaldi en þó með öðrum blæbrigðum. Hver hátíð á sér aðdraganda, þar sem börnin eru þátttakendur. Mikilvægt er að skapa eftirvæntingu og tilhlökkun meðal barnanna en sjálf hátíðin er hápunkturinn. Hátíðir sem haldnar eru: míkjálsmessa, luktarhátíð, jólabasar, adventugarður (fyrsta sunnudag í adventu), jólatréskemmtun, þrettándinn, þorablót, sólarkaffi (í byrjun febrúar), öskudagur (í febrúar/mars), páskahátíð, hvítasunnuhátíð og jónsmessuhátíð sem er lokahátíð leikskólans fyrir sumarfrí.

Maturinn

Matargerð er einn af grunnþáttum daglegs lífs og hefur mikið uppeldislegt gildi. Við viljum að börnin fái tækifæri til að fylgjast með og taka þátt í undirbúningi máltíða, leggja á borð, finna matarilminn og sjá matinn fallega borin fram. Aðalmáltíðin hefst með borðbæn, þar sem við þökkum móður jörð og kæru sól fyrir matinn. Skapa þarf þær aðstæður að kyrrð ríki við matarborðið. Yfir haust- og vetrarmánuðina er kveikt á kerti og yfir vor og sumarmánuðinna eru borðin skreytt fallegum blómum. Leikskólakennarinn borðar með börnunum. Sem fyrirmynd barnanna leggur hann grunn að góðum borðsiðum og venjum. Hverri máltíð er lokið saman. Mikilvægt er að barnið upplifi tengsl milli þess að yrkja jörðina, hráefnisins, matarins og að metta magann. Grænmeti og kornmeti er uppistaða þess matar sem borðaður er í leikskólanum. Maturinn er að langmestu leyti lífrænt ræktaður.

Sögur

Sögur eiga fastan sess í deginum. Börnunum er sögð saga, en ekki lesin, sem gerir það að verkum að barninu gefst tækifæri til að skapa sínar eigin innri myndir, og tengsl verða nánari á milli sögumanns og hlustanda. Sama sagan er sögð 2-3 vikur í senn, jafnvel lengur. Með endurtekningu getur barnið tileinkað sér söguna og fundið til öryggis þar sem atburðarrásin er sú sama. Sögur eru mikilvægur innblástur í leikinn. Áhersla er lögð á upprunalega útgáfu ævintýranna s.s. Grímsævintýri, norskar og íslenskar þjóðsögur. Runuævintýrin hafa ákveðna

innri hreyfingu og sífellda endurtekningu sem hentar yngstu börnum leikskólans afar vel. Þau hrífast með í endurtekningunni í hrynjanda sögunnar.

Í hverju ævintýri er að finna djúptækan sannleika um lífið, baráttu milli góðs og ills. Mikilvægt er að ævintýrin hafi góðan endi. Með einlægri innlifun gefast barninu rík tækifæri til að þroska með sér siðferðisvitund, þykja vænt um það góða og andstyggð á því illa. Brúðuleikrit eru oft gerð eftir ævintýrum og sögum sem börnunum eru sögð. Í brúðuleikritum er ýmist notast við þá hluti sem börnin leika með hversdagslega eða gerðar eru brúður sem einungis eru ætlaðar í brúðuleikrit, en þær brúður eru einkum notaðar á hátíðum. Við ýmis tilefni eru sett upp leikrit eftir sögunum, þar sem börnin leika hlutverkin.

Mótun umhverfisins

Umhverfið hefur áhrif á líðan barnsins. Hér reynum við að skapa heimilislegt, notalegt og traust umhverfi fyrir börnin, umhverfi sem hlífir börnunum fyrir ytra áreiti og síbilju. Veggirnir eru málaðir í hlýlegum og mildum litum, húsgögn og annar búnaður úr náttúrulegum efnivið. Árstíðarborðið skipar öndvegi, fallega skreytt munum er tengjast árstímanum og bera börnin mikla lotningu fyrir því. Oft finna börnin fallega hluti; steina, blóm, fjöður eða aðrar gersemar sem þau nota til að skreyta árstíðarborðið með af mikilli umhyggju. Leikur barnanna þarf mikið athafnarými, aðstöðu til að geta byggt sér hús, báta, flugvélar, m.ö.o. allt sem þeim hugnast. Útiaðstaðan fylgir fjölbreytileika árstíðanna, náttúran er börnunum óþrjótandi efniviður í leik og starfi, móar, melar, holt og hæðir sem örvar og styrkir líkamsfærni barnanna.

Leikföng

Markmiðið er að börnin séu skapandi í leik og starfi. Leikföng eru fá og einföld og eingöngu úr náttúrulegum efnivið s.s trékubbar, leikteppi úr bómull og silki, könglar, steinar, ull o.s.frv. Þetta er efniviður sem hentar vel til að miðla skynupplifunum því hann hefur sína ákveðnu eiginleika varðandi þyngd, hljóm, lit, yfirborðsáferð o.s.frv. Leikföng sem í einfaldleika sínum þjóna meira en einum tilgangi sem geta táknað hvað sem er eftir því sem verið er að leika hverju sinni og örva ímyndunarafl barnsins. Leikföng sem tala til skynfæra barnanna, örva fegurðarskyn og hvetja til sköpunar.

Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru haldnir vikulega 2-4 tíma í senn, ýmist allir saman eða leikskólastjóri og deildarstjóri. Allar fundargerðir eru sendar á alla starfsmenn.

Innihald fundanna er í stórum dráttum eftirfarandi: Samlestur þar sem uppeldisfræðin er ígrunduð, einstök börn rædd og barnahópurinn í heild sinni, listræn iðkun, þættir sem tengjast daglegu starfi leikskólans og mat á því starfi sem fram fer í leikskólanum.

Að vera foreldri í leikskólanum Yl

Við leggjum áherslu á að skapa náin og góð tengsl á milli heimili og skóla. Að það myndist brú á milli þessara tveggja heima svo að tilvera barnsins verði sem heilsteyptust. Það er því mjög mikilvægt fyrir foreldra sem valið hafa þessa uppeldisfræði, að þeir upplifi sig sem virka þátttakendur í lífi leikskólans.

Til að mynda þessi góðu tengsl eru fjölmörg tækifæri, hvort sem einungis foreldrar og leikskólakennarar hittast eða við önnur tækifæri þar sem börn, foreldrar og kennarar eiga saman góða stund. Foreldraviðtöl sem haldin eru einu sinni á ári og oftár ef þörf er á, þar sem dregin er fram mynd af einstöku barni. Leikskólakennararnir heimsækja börnin u.þ.b. 6 mánuðum eftir að þau hafa byrjað í leikskólanum, sem gefur góða heildarmynd af lífi barnsins,

og er heimsóknin barninu jafnan mikið tilhlökkunarefni. Foreldrafundir eru haldnir tvisvar sinni á önn. Foreldrar eru þátttakendur í starfi leikskólans á ýmsan hátt. Foreldrar sjá um helgarþrif sem eru að jafnaði tvisvar á önn, einnig taka foreldrar virkan þátt í kynningu, fjáröflun og viðhaldi leikskólans. Starfrækt er foreldrafélag við leikskólann. Foreldrum er boðið á ýmsar hátíðir í leikskólanum þar sem börnin, foreldrar og leikskólakennarar njóta samvista.

Waldorfleikskólakennarinn

Þeir leikskólakennarar sem sjá um daglega umönnun barnanna eru ábyrgir fyrir daglegri framkvæmd uppeldisfræðinnar. Leikskólastjóri sér um ráðningu starfsfólks og inntöku nýrra barna. Leikskólakennararnir þurfa að hafa góða yfirsýn yfir barnahópinn og góð samskipti við samstarfsfólk. Mikilvægt er að leikskólakennarinn sé í stöðugri endurnýjun og þroski og þrói sína fagmeðvitund, sækir þau námskeið og fyrirlestra sem í boði eru, íhugi reglulega dagleg samskipti og upplifanir af börnunum í leikskólanum til að dýpka skilning og þekkingu sína á manneskjunni.

Umönnun og umhirða

Leikskólinn þarf að búa þannig um að hvert barn hljóti góða umönnun og umhirðu, í notalegu og heilsusamlegu umhverfi. Hvert barn þarf að upplifa að það sé séð og tekið eftir því. Barnið þarf að finna að það sé elskað og að það sé virt. Leikskólakennarinn þarf að bera hag barnsins fyrir brjósti. Mikilvægt er að barnið finni að leikskólakennarinn ber virðingu fyrir hugsunum og tilfinningum þess.

Markmið

- að barnið finni sig öruggt og sé í góðu jafnvægi,
- að hreyfi-, tilfinninga- og vitsmunabroski barnsins þroskist eðlilega,
- að barnið sýni gleði og forvitni.

Leiðir:

- að skapa barninu öruggt umhverfi jafnt manneskjulega sem efnislega,
- að barnið fái tækifæri til örvandi og þroskandi leikja (og hreyfingu) jafnt innan hús sem utan,
- að barnið fái hollan og góðan mat og máltíðin sé róleg og notaleg stund,
- að hverju barni gefist tækifæri á hvíld,
- að veita barninu alla þá ást og umhyggju sem það þarfnast,
- að hvert einstakt barn í hópnum finni og upplifi að það er séð, finni fyrir væntumþykju, að þess sé þörf og að það sé virt.

Hreyfing og hreyfiproski

Fyrir hið unga barn er þroskaferli hreyfigetunnar mjög öflugt. Ungbarnið skynjar sinn eigin líkama með eigin hreyfingum og snertingu annarrar manneskju. Hreyfingin hefur mjög stórt vægi fyrir hina kröftugu mótun líffæra sem á sér stað á fyrstu sjö árum barnsins. Hreyfiproskinn hefur einnig grundvallarþýðingu fyrir færni barnsins til að skynja umheiminn. Mikilvægt er að barnið fái tækifæri til að hreyfa sig og þroska hreyfifærni svo það geti lært að valda sínum eigin líkama, fundið eigin takmarkanir og tengst umheiminum á eðlilegan hátt, sem stuðlar að sjálfstrausti og hugrekki. Í frjálsa leiknum gefast barninu ómetanleg tækifæri til að styrkja hreyfiproskann og taka nýjum áskorunum.

Í leikskólanum er leitast við að skipuleggja umhverfið innan og utan húss þannig að börnin hreyfi sig mikið og þroski hreyfigetu sína á eigin hraða. Börnin eru örvuð til hreyfingar í sameiginlegum athöfnum. Í frjálsa leiknum eru byggðar rennibrautir úr bekkjum og börnin fá að klifra og hoppa. Utanhúss gefast börnunum mörg tækifæri til að styrkja hreyfigetu, færni, úthald og þrótt. Farið er reglulega í lengri eða styttri gönguferðir þar sem grófhreyfingar sem og fínhreyfingar þjálfast ómeðvitað. Klöngrast er yfir holt og hæðir, mela og móa þar sem tínd eru ber eða blóm, stórir steinar bornir langar leiðir og svo mætti lengi telja. Samverustundin inniheldur söngva, þulur og rím sem eru mótuð í formi glaðlegra og skemmtilegra fingra- og hreyfileikja. Ævintýrið er oft leikið og fá börnin að vera í hlutverki ýmissa karaktera sögunnar og leika hlutverk þeirra.

Hrynlist

Hrynlist, eða Eurytmi er hreyfilist sem Rudolf Steiner þróaði í samstarfi við m.a. tónlistamenn og leikara. Í hrynlist er leitast við að gera tal og tóna sýnilega með hreyfingum. Í hrynlist upplifir manneskjan skýrt hið nána samband milli tals, tónlistar og hreyfingar. Hægt er að tengja hrynlist við sögur og vísur sem börnunum eru sögð.

Markmið

- að barnið öðlist löngun og hugrekki til líkamlegrar virkni,
- að barnið auki hreyfifærni sína á sínum eigin hraða,
- að barnið þrói með sér sjálfstraust og meðvitund um eigin líkama.

Leiðir

- að sjá til þess að börnin fái að vera úti á hverjum degi í lengri samhangandi tíma með tækifærum til örvandi og þroskandi leikja,
- að skapa tíma og rými fyrir skapandi hlutverkaleiki,
- að vekja löngun barnanna til að hreyfa sig við söng, tónlist, rím og þulur,
- að fara reglulega í gönguferðir í náttúrunni.

Söngur og tónlist

Söngur og tónlist er ofið inn í hið daglega líf leikskólans. Hver dagur hefst með morgunsöng þar sem við bjóðum hvert öðru góðan daginn. Söngvar sem sungnir eru tengjast árstímanum hverju sinni. Hinar árstíðabundnu hátíðir eiga sér sumar ákveðin lög sem sungin eru ár eftir ár. Oft er byrjað á sögunni eða brúðuleikritinu með tónlist, einnig geta sögurnar breyst í tónlistaævintýri, þar sem notuð eru hin ýmsu hljóðfæri; bjöllur, trommur, flautur, harpa, þríhorn o.fl. þar sem hvert hljóðfæri hefur ákveðið hlutverk í sögunni. Leikskólakennarinn segir sögu og leggur áherslu á mismunandi hljóð í sögunni með því að spila á ákveðin hljóðfæri. Næsta dag er hljóðfærunum deilt út til barnanna og leikskólakennarinn segir sömu söguna aftur með aðstoð barnanna sem leika á hljóðfærin. Í leikskólanum eru einungis notuð einföld, raunveruleg hljóðfæri sem hafa fallegan hljóð. Samverustundirnar innihalda mikinn söng og stundum er leikið á hin ýmsu hljóðfæri. Meira að segja gönguferðin getur orðið miklu auðveldari með smá söng, sjálf sólin á það til að gægjast fram þegar sungið er til hennar, kóngulóin lætur á sér kræla og vísar okkur á berjamó þegar hún heyrir berjasönginn. Tónlistin og söngurinn eiga að vekja gleði og löngun til að nota sína eigin rödd. Einnig stuðlar tónlistin að innri ró hjá barninu og æfir hlustun. Þegar söngur og tónlist er eðlilegur hluti af daglegu lífi barnanna má heyra þegar barn er að leik hvernig það syngur um það sem er að gerast í leiknum. Ef hlustað er á "leiklög" barnanna heyrir að þau byggja oft á pentatónísku tónbili.

Lagaval er fjölbreytt sem hæfir söngródd barnana. Sungin og spiluð eru lög sem byggja á pentatónísku tónbili d-e-g-a-h.

Markmið

- að söngurinn verði eðlilegt tjáningarform fyrir barnið,
- að söngur og tónlist veiki gleði og uppgötvunarlöngun hjá barninu,
- að barnið upplifi gleði í þeirri félagslegu samveru sem myndast þegar við syngjum saman,
- að barnið þrói með sér hæfileika til að hlusta.

Leiðir

- að söngur og tónlist sé stór hluti af daglegu lífi leikskólans,
- að nota söngva og lög sem heilla og gleðja börnin,
- að söngur og tónlist sé sjálfsagður dagskrárliður í veislum og hátíðum.

Málþroski og samskiptahæfni

Á fyrsta æviskeiði barnsins er lagður grunnur að samskiptahæfileikum þess í gegnum hið talaða mál. Hér er hlutverk fyrirmyndanna þýðingarmikið. Mikilvægt er að leikskólakennarinn vandi málfar sitt í samskiptum sínum við börnin og annars samstarfsfólks svo að hvert barn geti tileinkað sér vandað og fallegt málfar. Áhersla er lögð á vandaðar sögur og ævintýri.

Með því að sagan er sögð í lengri tíma í senn gefst börnunum tækifæri á að tileinka sér nýjan orðaforða og skapa sína innri mynd. Sú mikla innlifun í söguheim ævintýranna endurspeglast í leikjum barnanna. Í sögunum og ævintýrunum er oft að finna endurtekið rím og orðaleiki sem vekja gleði og áhuga barnsins fyrir hinu talandi máli. Hver dagur inniheldur samverustund þar sem er sungið, farið með þulur eða vísur, fingraleiki og hringleiki. Hér er áhersla lögð á að tengja saman hið talaða mál og hreyfingar. Með því að hið talaða mál tengist hreyfingu og hrynjanda meðtaka börnin það með öllum líkamanum, sem eykur á málþroska barnsins og getur verið mikil hjálp fyrir þau börn sem eiga við málörðugleika að stríða. Fyrir yngstu börnin er mikilvægt að hreyfingar séu nálægt líkamanum. Í sjálfsprottna leiknum gefast barninu rík tækifæri til að þroska samskiptahæfileika sína. Hið talaða mál vegur meira í leik barnanna eftir því sem þau eldast. Yngstu börnin líða áfram í leik sínum, allt sem verður á vegi þeirra verður hluti af leiknum á meðan elstu börnin ákveða hvað skuli leika, hlutverkaskipan, hvers þau þarfnast í leikinn o.s.frv. En þrátt fyrir alla skipulagningu í upphafi leiksins er leikurinn í stöðugri þróun sem krefst einbeitingar, úthalds og vakandi áhuga á leikfélögunum.

Markmið

- að styrkja getu og vilja barnsins til að tjá hugsanir sínar og tilfinningar með hinu talandi máli,
- að þroska hæfileika barnsins til að hlusta,
- að þroska hæfileika barnsins til að skilja tilfinningar, hugsanir og tjáningarform annarar manneskju,
- að vekja áhuga á tungumálinu,
- að lagður sé grunnur að fallegu og vönduðu málfari.

Leiðir

- að sýna hverju barni hluttekningu,
- að hvetja barnið til að tjá sig,

- að hvetja börnin til að hlusta á hvert annað,
- að hvert barn fái tíma og næði til að tjá sig,
- að segja börnunum sögur og ævintýri sem vekja gleði, forvitni og hugmyndaauðgi,
- dýpka upplifunina á hinu talaða máli með hringleikjum, þulum, vísum, söngvum og sögum,
- bera virðingu fyrir leik barnanna,
- Skapa aðstæður svo að leikurinn geti blómstrað.

Myndsköpun

Ein af mikilvægu leiðum barnsins til að tjá sig er með myndsköpun. Í teikningum skín í gegn persónuleiki hvers barns. Í myndsköpun njóta sín svipaðir kraftar og í leiknum. Myndsköpun á það sameiginlegt með leik barnsins að það er sköpunarferlið sjálft sem skiptir máli. Yngstu börnin eru býsna fljót að teikna mynd en það krefst þó mikils innri styrkleika og einbeitingar. Það er mikil hreyfing í myndum þeirra. Aðeins eldri börn segja gjarnan frá á meðan þau teikna og er teikningin stöðugt sköpunarferli. Elstu börnin setja sér oft markmið og ákveða hvað þau ætla að teikna, þó svo að myndin breytist oft í vinnuferlinu. Hvort sem börnin eru í skapandi leik eða starfi er megináherslan lögð á ferlið sjálft en ekki útkomuna. Þetta skapar góða samstöðu í hópnum. Börnin keppa ekki við hvert annað með því að bera saman árangur, heldur læra að virða ólíka einstaklinga. Ef myndsköpun á að vera leið barnsins til að tjá sig þarf að nota hentugan hágæða efnivið sem höfðar til skynupplifunar barnsins. Í leikskólanum nota börnin vaxliti í fallegum litum, svarti liturinn er undanskilinn. Vaxlitirnir eru í kubbaformi og henta litlum höndum einstaklega vel. Til að geta beitt þeim þurfa börnin að nota rétt grip sem þau ómeðvitað tileinka sér. Stór blöð kalla á frjálsar hreyfingar og sköpun. Í leikskólanum mála börnin einu sinni í viku. Þau mála “blautt í blautt” með fljótandi vatnslitum á blautan pappir með stórum penslum. Með þessari aðferð upplifir barnið liti og form. Málunin verður eins og uppgötvunarferð í heimi litanna. Með grunnlitina þrjá (gulan, rauðan, bláan) að vopni geta börnin upplifað hvernig nýir litir verða til á blaðinu. Hér verður það mjög skýrt hvernig myndin verður til þá og þá stundina. Yngstu börnin mála einungis með einum lit í senn, en litunum fjölga eftir því sem börnin eldast. Börnunum eru ekki gefin ákveðin þemu eða verkefni þegar þau mála eða teikna. Áherslan er lögð á þeirra eigin sköpun. Það er mikilvægt að það sé rólegt andrúmsloft þegar börnin skapa og að það sé borin virðing fyrir vinnu þeirra.

Markmið

- að myndsköpun verði sjálfsagt tjáningarform barnsins,
- að barnið þori að teikna án kröfu um ákveðna útkomu,
- að þroska fegurðarskyn barnsins og dýpka upplifun fyrir litum.

Leiðir

- að bera virðingu fyrir sköpunarferlinu,
- að skapa rólegt og notalegt andrúmsloft,
- að stýra ekki sköpun barnsins með tilbúnum skapalónum eða fyrirmyndum.

Önnur skapandi starfsemi

Í allri listrænni starfsemi leikskólans er áherslan lögð á sjálft ferlið. Barnið er hvatt til upplifunar og einstaklingsbundinnar leiðar til að tjá sig. Í stað útskýringa og æfinga lærir barnið og þroskast með eigin upplifunum. Söngur, sögur og myndsköpun eru dæmi um listræna

starfsemi sem er endurtekin og á sinn fasta tíma í dagsskipulaginu. Önnur listræn starfsemi s.s. mótun bívax, handavinna og málun eiga sinn fasta tíma í vikuskipulaginu. Þau börn sem eru á sínum síðasta vetri í leikskólanum fá að nota skeiðahníf til að tálga greinar en þó ávallt undir umsjón leikskólakennara. Hafa þau fylgst með fyrirrennrum sínu af mikilli aðdáun og áhuga og kunna því vel með verkfærið að fara og fyllast stolti. Elstu börnin fá einnig að kynnast tveggja tóna flautu sem þau læra að spila á og hlusta hvort á annað.

Þær stundir sem börnin koma saman í hring eru mikilvægar fyrir félagsþroskann og gefa börnunum sameiginlega reynslu sem skilar sér síðan inn í frjálsa leikinn. Í leikskólanum taka börnin oft þátt í hversdagslegum hagnýtum störfum. Leikskólakennarinn útfærir eitt og annað sem er nauðsynlegt daglegu lífi leikskólans, t.d. að búa til leikföng og nytjahluti, vökva blóm, hlúa að leikföngum, vinna í garðinum, útbúa mat, leggja á borð og þess háttar. Með því að hafa góða fyrirmynd tileinka börnin sér þessi störf og tengjast umheiminum. Börnin tileinka sér hagnýta þekkingu og reynslu sem er grunnurinn að því að manneskjan nái að höndla sína daglegu tilveru sem fullorðinn einstaklingur. Börnin upplifa og skilja snemma nauðsyn þess að hlúa að umhverfinu. Mikil áhersla er lögð á hágæða efnivið sem höfðar til allra skilningarvita barnsins, jafnframt að áhöld og verkfæri séu nothæf. Í leikskólanum fá börnin tækifæri til að fylgjast með vinnuferli frá undirbúningi til afurðar. Þessar hversdagslegu athafnir verða einnig sameiginlegar upplifanir barnanna og uppspretta fyrir leikinn. Börnin fá hagnýta kunnáttu og venjast því að meðhöndla mismunandi efni.

Markmið

- að barnið læri að bera virðingu fyrir öðrum,
- að barnið þroski með sér vilja til að virða og vernda umhverfi og náttúru,
- að barnið þroski með sér áhuga fyrir umheiminum og þekki hlutdeild sína í því sem gerist í náttúrunni,
- að barnið þroski með sér sjálfsálit, sköpun, hugmyndaflug og uppfinningahæfileika,
- að börnin fái innblástur í hlutverkaleiki með sameiginlegum upplifunum.

Leiðir

- leikskólakennararnir skapa umhverfi og útfæra hagnýt verkefni sem eru nauðsynleg/falleg eða góð í daglegu lífi,
- skapa rými fyrir börnin til að hjálpa til við dagleg störf,
- börnin fá reglulega að taka þátt í skapandi starfsemi,
- bjóða upp á nothæf verkfæri og áhöld,
- bjóða upp á gæðaeefni sem örvar sköpun barnsins og vekur forvitni og áhuga til framkvæmdar og sköpunar,
- hvetja eigin hugmyndir barnsins og áhuga þess,
- gefa börnunum pláss í tíma og rúmi til að dýpka reynslu sína í frjálsum leik.